

## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalskipulagi Fellahrepps 2000-2012, Skógargerði og Rangá, Fljótsdalshéraði - virkjun í Rangá.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 7. nóvember 2007 staðfest breytingu á aðalskipulagi Fellahrepps 2000-2012 frá 11. febrúar 2001.

Breytingin felst í því að landbúnaðarsvæði í landi Skógargerðis sunnan Rangár og í landi Rangár norðan Rangár breytist í iðnaðarsvæði vegna fyrirhugaðrar 160 kW virkjunar í Rangá. Inntakslónið verður um 1,3 ha og um 1,2 ha fara undir aðrennslispípu.

Samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum hefur málsmeðferð verið í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 og Skipulagsstofnun yfirfarið erindið og sent ráðherra til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfisráðuneytinu, 7. nóvember 2007.*

F. h. r.

**Sigríður Auður Arnardóttir.**

\_\_\_\_\_  
*Logi Kjartansson.*